

Nr. 074 / 09 Eyfjörð ÞH 203**Leki og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6610
Smíðaður: Akureyri 1985 plast
Stærð: 6,9 brl. 6,7 bt.
Mesta lengd: 9,88 m Skráð lengd: 9,14 m
Breidd: 2,6 m Dýpt: 1,55 m
Vél: Monarch Mermaid 165 kW 2003
Fjöldi skipverja: 1



Eyfjörð ©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júlí 2009 var Eyfjörð ÞH 203 á handfæraveiðum vestan Drangeyjar. Veður NA 3-5 m/sek.

Aðvörunarflauta vakti athygli skipstjóra á að austur var kominn í bátinn og þegar hann athugaði hvort lensidælurnar dældu austrinum fyrir borð sá hann að svo var ekki. Hann stöðvaði þegar vélina en þegar hann sá að austur jókst kallaði hann eftir aðstoð á neyðarbylgju og fór síðan að ausa með fötu.

Toni EA 62 kom fyrstur til aðstoðar og tók Eyfjörð ÞH í tog áleiðis til Hofsóss. Fleiri báta dreif að og komu síðan björgunarsveitarmenn um borð til að hjálpa til við austurinn. Síðar kom bátur með dælu og var búið að þurrausa Eyfjörð áður en komið var til Hofsóss.

Við rannsókn kom fram:

- að þrjár $\frac{3}{4}$ “ tommu rafmagnslensidælur sem tengdar voru í gegnum flotrofa eru í bátnum. Ein í kjalsogi skutrýmis og önnur í miðrými (lest) og þriðja í stafnrými (lúkar);
- að þegar báturinn var þurrausinn sást að leki var með öxulþétti. Við nánari skoðun kom í ljós að þéttið hafði færst frammar á stefnisrörið og öxulinn svo það hafði nuddað eða brotið gat ofan í hús lensidælu í skutnum. Sjór komst þá inn á rafmagnsmótorinn og dælan stöðvaðist;

- að orsök þess að öxulþéttið fór af stað var hitamyndun vegna rofs á 8 mm kælilögn sem lá að því frá sjókælilögn vegna tæringar. Þegar lögnin fór í sundur sprautaðist kælisjórinn inn í bátinn en lensidælan dældi sjónum jafnóðum út á meðan hún var í lagi. Þetta ástand gæti hafa verið að búa um sig í langan tíma. Eftir að lensidælan stöðvaðist, vegna skemmda, safnaðist austurinn fyrir í kjalsogi skutrýmis þar til austuraðvörun fór í gang. Eftir að skipstjóri stöðvaði vélina hætti sjórinn að koma í bátinn úr kælikerfinu en rann áfram inn með stefnislegunni;
- að austurinn var afmarkaður í skutrými en til þess að hann renni fram í miðrýmið þarf sjórinn að ná upp fyrir plitti sem hann gerði ekki. Það reyndi ekki á lensidæluna sem þar er staðsett en ef sjór fer upp fyrir plitti fara rafgeymar á kaf en þeir eru undir pöllum við hlið vélarrýmis.

Nefndarálit:

Orsök bilunar var tæring í kælilögn að öxulþétti sem olli keðjuverkandi bilunum.